

## Afgreiðslufundur

Ár 2023 þriðjudaginn 14. mars, kl. 9:00 var haldinn 1689. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Hólmfríður Frostadóttir og Tómas G. Gíslason sem ritaði fundargerð.

1. Lögð fram umsókn GP framtíðar ehf., kt. 540223-1650, dags. 5. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir heildverslun með matvæli án lagers (Gastronomo). Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
2. Lögð fram umsókn Venju bætiefna ehf., kt. 420720-0920, dags. 26. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir heildverslun með matvæli (Venja bætiefni) að Vatnagörðum 10, F2015931, rými 010101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
3. Lögð fram umsókn Olís ehf., kt. 500269-3249, dags. 12. desember 2022, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með brauðbar (bakað á staðnum), smurt brauð, pylsusölu og hamborgara (Olís) að Sundagörðum 2, F2225932. Breyting á starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
4. Lögð fram umsókn Vínklúbbsins ehf., kt. 541220-0110, dags. 3. mars 2023, um starfsleyfi fyrir innflutning og dreifingu á áfengum drykkjum (Vínklúbburinn ehf.) að Vatnagörðum 10, F2015931, rými 010101. Breyting á starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
5. Lögð fram umsókn LEV102 ehf., kt. 420922-0270, dags. 27. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Héðinn Kitchen & bar) að Seljavegi 2, F2000262. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.
6. Lögð fram umsókn Wolt Enterprises Iceland ehf., kt. 640123-1170, dags. 31. janúar 2023, um starfsleyfi fyrir sendingaþjónustu matvæla (Wolt Enterprises Iceland) að Bjargargötu 1, F2327933, rými 010101. Ný starfsemi  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Wolt heimsendingaþjónustu með matvæli.
7. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. febrúar 2023, vegna bréfs sýslumanns, dags. 23. febrúar 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn ROGA ehf., kt. 590410-0390, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa og greiðasala (Lamb Street Food) í Mathöll Borgartúni að Borgartúni 29, F2244021, rými 0102, bás V5.  
Samþykkt að gefa jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 20. desember 2034.
8. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. febrúar 2023, vegna bréfs sýslumanns, dags. 24. febrúar 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn ISF Laugavegur ehf., kt.

550622-1140, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Icelandic Street Food) ásamt útveitingum til kl. 23 alla daga, að Lækjargötu 8, F2002710.

Samþykkt að gefa jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Vegna grenndaráhrifa er ekki heimilt að vera með útihátalara á staðnum. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Starfsleyfi í gildi til 20. desember 2034.

9. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. desember 2022, vegna bréfs sýslumanns, dags. 24. janúar 2022 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Héðinn veitingar ehf., kt. 630421-1010, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Héðinn Kitchen & Bar) að Seljavegi 2. F2000262. Samþykkt að gera neikvæða umsögn. umsagnarbeiðni er fyrir kennitölu sem hefur hætt starfsemi. Umsagnarbeiðnin var ekki dregin til baka.
10. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 31. janúar 2023, vegna bréfs sýslumanns, dags. 30. janúar 2023 þar sem óskað er umsagnar um umsókn LEV102 ehf., kt. 420922-0270, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Héðinn Kitchen & Bar) að Seljavegi 2. F2000262.  
Samþykkt að gefa neikvæða umsögn sbr. ákv. 14.gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 1. gr. reglugerðar nr. 506/2010. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 03. febrúar 2023.
11. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. nóvember 2022, vegna bréfs sýslumanns, dags. 23. febrúar 2022, þar sem óskað er umsagnar um umsókn ForeverB ehf., kt. 680318-1230, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Culiacan) að Suðurlandsbraut 4a, F201266.  
Samþykkt að gefa neikvæða umsögn sbr. ákv. 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 1. gr. reglugerðar nr. 506/2010. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 28.11.2022.
12. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. desember 2022, vegna bréfs sýslumanns, dags. 30. nóvember 2022, þar sem óskað er umsagnar um umsókn K3 ehf., kt. 610404-3830, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa og greiðasala (Vöflur og vín) að Kringlunni 8-12, F2261692.  
Samþykkt að gefa neikvæða umsögn. Staðurinn hefur hætt starfsemi.
13. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 20. janúar 2023 vegna bréfs sýslumanns, dags. 18. janúar 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Foleyrrar ehf., kt. 460521-1650, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Nebraska) að Barónsstíg 6, F2500405, rými 010104.  
Samþykkt að gefa neikvæða umsögn sbr. ákv. 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 1. gr. reglugerðar nr. 506/2010. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 27. febrúar 2023.
14. Lögð fram umsókn SP dekkja ehf., kt. 411102-2110, dags. 1. mars 2023, um skráningu á hjólbarðaverkstæði (Gúmmívinnustofan SP dekk) að Skipholti 35, F2012368, rými 030102. Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um

starfsemina gilda almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og starfsskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði.

15. Lögð fram umsókn Dómkirkjunnar, kt. 500169-5839, dags. 28. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir kirkjuskip og kaffiaðstöðu (Dómkirkjan) að Kirkjustræti 16, F2002770. Endurnýjun starfsleyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.

16. Lögð fram umsókn Dómkirkjunnar, kt. 500169-5839, dags. 28. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir safnaðarheimili með eldhúsi (Safnaðarheimili Dómkirkjunnar) að Lækjargötu 14a, F2002848. Endurnýjun starfsleyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.

17. Lögð fram umsókn Brimborgar ehf., kt. 701277-0239, dags. 1. febrúar 2023, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir smurstöð, bifreiða- og vélaverkstæði, handvirka bónstöð, hjólbarðaverkstæði og kæli- og frystigeymslur (Brimborg) að Hádegismóum 8, F2328515. Breytingar á starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, samræmdum starfsskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði, samræmdum starfsskilyrðum fyrir bón- og bílapvottastöðvar, samræmdum starfsskilyrðum fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi.

Hávaðabókun: Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

### **Fundi slitið 10:17**

Tómas G. Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson

## Afgreiðslufundur

Ár 2023 þriðjudaginn 21. mars, kl. 9:00 var haldinn 1690. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Rósa Magnúsdóttir, Sigurjóna Guðnadóttir og Tómas G. Gíslason sem ritaði fundargerð.

1. Lögð fram umsókn SB dreifingar ehf., kt. 570322-1170, dags. 28. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir heildverslun með matvæli án lagers (SB dreifing). Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
2. Lögð fram umsókn Markaðsakademíunnar slf., kt. 670918-0330, dags. 16. mars 2023, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Pünk) að Hverfisgötu 20, F2004395, rými 010201. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um samkomustaði.
3. Lögð fram umsókn Pasta ehf., kt. 570221-1590, dags. 11. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingastofu/skyndibitastað (Skipperinn) í Mathöll Höfða að Bíldshöfða 9, F2043102, bás 5, þar sem öll matvæli koma tilbúin til eldunar og samsetningar á staðnum. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um samkomustaði og almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása í Mathöll Höfða.
4. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. mars 2023, vegna bréfs sýslumanns, dags. 16. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Markaðsakademíunnar slf., kt. 670918-0330, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Pünk) ásamt útiveitingum alla daga frá kl. 11 til 22 að Hverfisgötu 20. F2004395, rými 010201.  
Samþykkt að gefa jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
5. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. febrúar 2023, vegna bréfs sýslumanns, dags. 23. febrúar 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Pasta ehf., kt. 570221-1590, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Skipperinn) í Mathöll Höfða að Bíldshöfða 9, F2043102, rými 010105, bás 5.  
Samþykkt að gefa jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
6. Lögð fram umsókn IKJ Tannlækninga ehf., kt. 650302-3380, dags. 14. mars 2023, um skráningu á tannlæknastofu (Tannlæknastofa Ingva Kristins Jónssonar) að Vínlandsleið 16, F2307062, rými 010302.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um starfsemina gilda almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og starfsskilyrði fyrir tannlæknastofu.

7. Lögð fram umsókn Tarzan ehf., kt. 611196-2109, dags. 19. mars 2023, um leyfi til tóbakssölu í söluturni (Vikivaki) að Barónsstíg 27. Endurnýjun leyfis.  
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.
8. Lögð fram umsókn Tarzan ehf., kt. 611196-2109, dags. 19. mars 2023, um leyfi til tóbakssölu í söluturni (Vikivaki) að Laugavegi 5. Endurnýjun leyfis.  
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.

### **Fundi slitið 10:10**

Tómas Guðberg Gíslason

Jón Ragnar Gunnarsson

Rósa Magnúsdóttir

## Afgreiðslufundur

Ár 2023 þriðjudaginn 28. mars, kl. 9:00 var haldinn 1691. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir, Sigurjóna Guðnadóttir og Tómas G. Gíslason sem ritaði fundargerð.

1. Lögð fram umsókn VietIs ehf., kt. 650322-1420, dags. 29. júlí 2022, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús (Energy – Trung Nguyen kaffi) að Hallgerðargötu 19, F2507542, rými 010105, ásamt innflutningi á forpökkuðum matvælum sem geymd eru á lager kaffihússins. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.
2. Lögð fram umsókn Eldunar ehf., kt. 540222-1340, dags. 8. mars 2023, um starfsleyfi fyrir framleiðslu á tilbúnum matvælum (Ketó kompaníið) að Vagnhöfða 13, F2043113, rými 010101. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
3. Lögð fram umsókn Foleyrar ehf., kt. 460521-1650, dags. 16. janúar 2023, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús með fáum einföldum réttum (Nebraska) að Barónsstíg 6, F2500405, rými 010104. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 28. mars 2023 til 28. júní 2023, sbr. 9. gr. laga nr. 93/1995 með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Vakinn er athygli á töflu 5 í reglugerð nr. 724/2008 um mörk hávaða á samkomum. Leyfið er tímabundið þar sem úrbótakröfur varðandi loftræsingu, hljóðvist og sorpaðstöðu hafa ekki verið uppfylltar.
4. Lögð fram umsókn Mi Bowls ehf., kt. 700123-0570, dags. 8. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir sölubás með skálum þar sem öll matvæli koma tilbúin til samsetningar og eldunar (Mi Bowls) í Kúmen mathöll í Kringlunni, að Kringlunni 4-12, F2261692, rými 350-s309-3, bás númer V3. Undirbúningseldhús á staðnum. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása í Kringlunni.
5. Lögð fram umsókn Gyna ehf., kt. 520302-2550, dags. 21. mars 2023, um starfsleyfi fyrir læknaþjónustu/sérfræðiþjónusta lækna (Gyna) að Álftamýri 1-5. Endurnýjun starfsleyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir.
6. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, Skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, dags. 16. mars 2023, um starfsleyfi fyrir frístundaheimili (Frístundaheimilið Simbað Sæfari) að Dyrhömrum 9, F2038914. Endurnýjun starfsleyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir frístundaheimili og aðra félagsstarfssemi grunnskólabarna.

**Fundi slitið 10:30**

Tómas G. Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rósa Magnúsdóttir

## Afgreiðslufundur

Ár 2023 föstudaginn 31. mars, kl. 9:30 var haldinn 1692. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Anna Jóhannesdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Tómas G. Gíslason sem ritaði fundargerð.

1. Lögð fram umsókn Rollsins ehf., kt. 560920-0670, dags. 30. mars 2023, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá með lágmarksmatargerð (Skor) að Geirsgötu 2, F2301297 og F2363592. Endurnýjun starfsleyfis.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til þriggja mánaða, frá 31. mars 2023 til 30. júní 2023, með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skor að Geirsgötu 2. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

### Fundi slitið 09:35

Tómas G. Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Anna Jóhannesdóttir



## Afgreiðslufundur

Ár 2023 þriðjudaginn 4. apríl, kl. 9:07 var haldinn 1693. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Dagný Alma Jónasdóttir, Hólmfríður Frostadóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir og Tómas Guðberg Gíslason sem ritaði fundargerð.

1. Lögð fram umsókn Höfðakaffis ehf., kt. 610102-4760, dags. 25. október 2022, um starfsleyfi fyrir framleiðslu og dreifingu á tilbúnum réttum í bökkum og til að starfrækja veitingastað; veitingahús (Höfðakaffi), að Vagnhöfða 11, F2243994, rými 01 0001. Endurnýjun starfsleyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.
2. Lögð fram umsókn Verzlannahallarinnar ehf., kt. 650920-1040, dags. 15. nóvember 2022, um starfsleyfi fyrir gististað; íbúðargistingu að Brautarholti 20, íbúð 211 (Íbúðagisting - Brautarholt 20), að Brautarholti 20, F2518935, íbúð 211. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.
3. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. mars 2023, vegna bréfs sýslumanns, dags. 16. nóvember 2022, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Verzlannahallarinnar ehf., kt. 650920-1040, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund; íbúðir (Íbúðagisting - Brautarholt 20), að Brautarholti 20. F2518935, íbúð 211. Samþykkt að gefa jákvæða umsögn. Gestafjöldi 3. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.
4. Lögð fram umsókn Emblu - heimilis í sveit ses., kt. 560318-1030, dags. 2. febrúar 2023, um starfsleyfi fyrir búsetukjarna með sólarhringsþjónustu (EMBLA), að Andrastöðum, F2085332. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir sambýli.
5. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, Skóla og frístundasviðs, kt. 530269-7609, dags. 28. mars 2023, um starfsleyfi fyrir frístundaheimili (Frístundaheimilið Gláðheimar), að Holtavegi 11, F2020465. Endurnýjun starfsleyfis.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir frístundaheimili og aðra félagsstarfsemi grunnskólabarna.
6. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, kt. 530269-7609, dags. 1. febrúar 2023, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi frá 1. febrúar 2023 til 31. desember 2026 fyrir móttöku á úrgangi til endurnýtingar í landfyllingu við Sævarhöfða. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 4. apríl 2023 til 31. desember 2026 með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, skrifstofu framkvæmda og viðhalds vegna móttöku á úrgangi til endurnýtingar í landfyllingu við Sævarhöfða.

7. Lögð fram umsókn Globus hf., kt. 570169-0339, dags. 30. mars 2023, um endurnýjun leyfis til tóbakssölu (Globus), að Skútuvogi 1f.  
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.

**Fundi slitið 10:00**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rósa Magnúsdóttir

## Afgreiðslufundur

Ár 2023 miðvikudaginn 5. apríl, kl. 10:43 var haldinn 1694. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Dagný Alma Jónasdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir og Tómas G. Gíslason, sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Punk veitinga ehf., kt. 570223-0700, dags. 4. apríl 2023, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Pünk) að Hverfisgötu 20, F2004395, rými 01 0201. Eigendaskipti.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.

### Fundi slitið 10:55

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rósa Magnúsdóttir